

Upplýsingar um SKOÐUN ÖKUTÆKJA

Almennt

Allir bílar, öll bifhjól, skráðir eftirvagnar (farm- eða fólksflutningar) og allir ferðavagnar (tjaldvagnar, fellihýsi og hjólhýsi) eru skoðunarskyld ökutæki. Eigandi (umráðamaður) ber ábyrgð á að færa ökutæki til skoðunar.

Skoðunarár bifreiða

- **Fólksbílar og sendibílar:** Bílar skráðir 2008 og fyrr skal skoða á þriðja ári frá fyrstu skráningu, næst á fimmta ári og svo árlega upp frá því. Bílar skráðir 2009 og síðar skal skoða á fjórða ári frá fyrstu skráningu, svo á tveggja ára fresti og loks árlega frá og með áttunda ári frá fyrstu skráningu.
- **Vörubílar og hópbílar:** Þessa bíla á að skoða árlega.
- **Notkunin "Leigubíll" og ökutæki til neyðaraksturs:** Bíla í þessum notkunarflokkum í ökutækjaskrá á að skoða árlega.
- **Notkunin "Fornbíll":** Alla fornbíla* á að skoða 2009. Þeir verða svo skoðaðir á tveggja ára fresti, talið frá nýskráningardegi. Þannig eiga bílar skráðir á sléttöluári næst að skoðast 2010 en bílar skráðir á oddatöluári að skoðast 2011.

Skoðunarár bifhjóla

- **Bifhjól:** Sama regla og gildir um fólks- og sendibíla hér að ofan.
- **Notkunin "Fornbifhjól":** Sama regla og gildir um fornbíl hér að ofan. Hjólið verður að vera skráð fornbifhjól*.

Skoðunarár vagna

- **Eftirvagnar með leyfða heildarþyngd 750-3500 kg:** Sama regla og gildir um fólks- og sendibíla hér að ofan.
- **Eftirvagn með leyfða heildarþyngd yfir 3500 kg:** Þessa vagna á að skoða árlega.
- **Ferðavagnar (tjaldvagnar, fellihýsi og hjólhýsi):** (a) Ferðavagna sem nýskráðir voru 2005 eða fyrr á að skoða 2009. Þeir verða svo skoðaðir á tveggja ára fresti, talið frá nýskráningardegi. Þannig eiga ferðavagnar skráðir á sléttöluári næst að skoðast 2010 en ferðavagnar skráðir á oddatöluári að skoðast 2011. (b) Ferðavagna sem skráðir voru 2006 og síðar á fyrst að skoða á fjórða ári og síðan annað hvert ár.

Skoðunarmánuður innan ársins

Almennt skal færa ökutæki til skoðunar í skoðunarmánuði þess. Skoðunarmánuður er sá tölustafur sem er aftast á skráningarmerkinu. Sé bókstafur aftasti stafur skráningarmerkis (sum einkanúmer) er maí skoðunarmánuðurinn. Heimilt er að koma 6 mánuðum fyrir skoðunarmánuð innan almanaksársins og allt að tveimur mánuðum eftir skoðunarmánuð.

Um fornbíla, bifhjól, fornbifhjól og ferðavagna gildir almennt að skoðun skal vera lokið fyrir 1. ágúst á skoðunarári, þó í síðasta lagi fyrir 1. október.

Endurskoðun

Almennt er gefinn frestur til loka næsta mánaðar til að færa ökutæki til endurskoðunar.

Vanrækslugjald

Vanrækslugjald kr 15.000 er lagt á tveimur mánuðum eftir skoðunarmánuð vegna vanrækslu á aðalskoðun, og mánuði eftir að endurskoðunarfrestur rann út vegna vanrækslu á endurskoðun. Sé gjaldið greitt við skoðun á fyrsta mánuði eftir álagningu er það 50% lægra.

**Fornbifreið/bifhjól verður að vera skráð í notkunarflokkinn fornbifreið/bifhjól í ökutækjaskrá til þess að öðlast 2ja ára skodanatiðni. Ekki er nægilegt að bifreið/bifhjól sé 25 ára að aldri. Hægt er að sækja um skráningu fornbifreiða/bifhjóla á næstu skoðunarsköð Frumherja hf.*